

Nr. 52/1909:

Valdstjórnin

gegn

Halldóri Jónssyni, Magnúsi Magnússyni, Brynjólfi Brynjólfssyni, Þórði Jónssyni, Helga Bjarnasyni. Júníus Kr. Jónssyni, Benedikt Bjarnasyni, Guðfinni Kr. Guðmundssyni, Jóhanni Kr. Guðmundssyni, Þorsteini Sigurðssyni, Guðmundi Steinsyni, Sigursteini Þorsteinssyni, Kjartani Ólafssyni og Bjargmundi Sveinssyni.

D ó m u r :

Eftirnefndir menn: Halldór Jónsson bóndi á Hrauni í Villingaholtshreppi, Magnús Magnússon þurrabúðarmaður á Akranesi, Brynjólfur Brynjólfsson húsmáður í Reykjavík, Þórður Jónsson vinnumaður á Lundi í Lundarreykjadal, Helgi og Benedikt Bjarnasynir á Gneistavöllum á Akranesi, Júníus Kr. Jónsson á Rútsstöðum í Gaulverjabæjarhreppi, Guðfinnur Kr. Guðmundsson skósmiður í Reykjavík, Jóhann Kr. Guðmundsson vinnumaður að Sandlæk í Gnúpverjahreppi, Þorsteinn Sigurðsson sjómaður í Reykjavík, Guðmundur Steinsson og Sigursteinn Þorsteinsson vinnumenn á Akranesi, Sigurður Einarsson vinnumaður á Ferjunesi í Villingaholtshreppi, Kjartan Ólafsson vinnumaður í Geldingaholti í Gnúpverjahreppi og Bjargmundur Sveinsson vinnumaður í Reykjavík hafa eftir kröfu hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co., sem eiganda og útgerðarmanna fiskiskipsins Portland úr Reykjavík, verið kærðir fyrir lögreglurétti Reykjavíkur fyrir stök af nefndu skipi í samtökum og með fyrirfram úttekið kaup, og var málið gegn þeim dæmt í nefndum rétti 19.

maí þ. á. með þeim úrslitum, að kærðu voru dæmdir til að sæta hver 18 daga fangelsi og til að greiða einn fyrir alla og allir fyrir einn allan sakarkostnaðinn.

Þessum dómi hefir valdstjórnin skotið til yfirdómsins af eigin hvötum.

Það er sannað í máli þessu, að allir hinir kærðu voru ráðnir á ofanefnt skip til fiskiveiða vetrarvertíðina f. á. frá byrjun marzmán. til 14. maí s. á. og voru þeir lögskráðir á skipið 5. marz f. á., en áður hafði lögskipuð skoðun farið fram á skipinu samkvæmt lögum nr. 25 3. okt. 1903 og ekkert verið talið athugavert við skipið af skoðunarmönnum. Skipið lagði síðan út á fiskiveiðar, en það reyndist þá brátt svo lekt, að það varð að leita hafnar aftur, og var þá eftir tæpa hálfsmánaðar útivist lagt upp á dráttarbrautina hér í Reykjavík til viðgerðar. Reyndist það þá maðksmogið nokkuð og voru teknir úr því sex plankar og nýir settir í staðinn, og að því búnu var skipið skoðað af tilkvoddum mönnum, er dæmdu það sjófært. En þegar skipið var sett á flot, eftir viðgerðina, 28. marz f. á., kom það í ljós, að það lak svo, að það varð að setja það upp á dráttarbrautina aftur. Hafði lekinn þá stafað af boltagati, sem eigi hafði verið fyllt, og var nú bætt úr því og átti að setja skipið út aftur. En þá benti einn af hinum kærðu á, að enn var fúinn eða maðksmoginn planki í skipinu og var hann þá tekinn úr því og annar settur í staðinn. Þegar hér var komið sögunni og setja átti skipið út af nýju, afsögðu hinir kærðu, allir í sameiningu, að fara út á það aftur til fiskiveiða, með því að skipið myndi alt meira og minna maðksmogið, og því hætta að fara á því út í rúmsjó, enda töldu þeir það leka engu minna en það hefði gert áður, er þeir

lögðu út á því í fyrstu. Útgerðamenn skipsins fengu þá 31. marz f. á. 2 menn, sérstaklega þar til kvadda af bæjarfógeta, til að skoða skipið, og töldu þeir í álitsgerð sinni 2. apríl það vel sjófært, en kærðu héldu fram neitun sinni að fara út með því og kröfðust þess í bréfi 5. apríl af bæjarfógeta, að þeir væru skráðir úr skiprúmi af áður greindum ástæðum. Þetta fekst þó eigi, og allar samningatilaunir urðu árangurslausar milli háseta og útgerðarmanna, en þær strönduðu síðast á ágreiningi um skaðabætur fyrir atvinnumissi, er hásetar kröfðust fyrir það, að þeir sem hálfdrættingar mistu af kaupum sínum fyrir frátafir frá fiskiveiðunum vegna ástands skipsins. Var þá höfðað mál þetta gegn kærðu og fór það sem fyr segir.

Í fyrgreindu bréfi 5. apríl til bæjarfógetans héldu hinir kærðu því fram, að »Portland« væri enn, eftir að viðgerð á því hafði farið fram, ósjófært vegna leka og lekahættu af maðki, er í því væri, að skipið læki þá engu minna en þegar þeir fyrst lögðu út á því og að þeim væri fullkunnugt, um að skipið væri alt meira og minna maðksuogið, að undanteknum þeim 7 plönkum, er þá voru settir í það nýir. Hinsvegar héldu kærendur því fram, að skipið hefði verið algjörlega maðklaust eftir að hinir skemdu plankar höfðu verið teknir úr því og nýir settir í staðinn, og að það læki ekki neitt sem teljandi væri, þar sem lekinn væri ekki meiri en svo, að eftir 20 klukkustundir gæti einn maður dælt það þurt á 4 1/2 mínútu, en það sé ekki meira en alment gjörlist um fiskiskip. Til að skera úr þessum ágreiningi milli hinna kærðu og kærendanna er ekkert komið fram í málinu annað en fyrgreind skoðunargjörð 2. apríl. Að vísu tjáðu kærðu sig eigi mundu hafa verið ófáanlega til að reyna

að fara út með skipinu aftur, ef saman hefði gengið með kaup þeirra við útgjörðarmenn og skaðabætur fyrir atvinnumissi vegna leka skipsins. En eftir málavöxtum verður þetta ekki álitin viðurkenning af hálfu kærðu um að skipið hafi verið sjófært eða svo traust, að hættulaust væri að fara út á því. Aftur á móti hafa skoðunarmennirnir 2. apríl, sem fyrir segir, látið uppi það álit, að skipið sé vel sjófært, en þeir hafa eigi fært rök fyrir þessu álit, eigi lýst ástandi skipsins, er þeir segjast hafa skoðað »að utan«, né drepíð á fyrgreind ágreiningsatriði milli kærenda og kærðu um leka skipsins og skemdir af maðki, enda gátu þeir eigi dæmt um, hve mikill lekinn var, með því að þeir skoðuðu skipið uppi í dráttarbrautinni, áður en það var sett á flot eftir síðustu viðgerðina. Skoðunargjörðin verður því að þessu leyti eigi talin fullnægjandi og verður því fremur að taka þetta til greina, af því að það sést eigi, að hinir kærðu eða neinn af þeirra hendi hafi verið viðstaddir í réttarhöldum þeim, þá er skoðunargjörðin var lögð fram og viðurkend af skoðunarmönnum, og þannig átt kost á að fá nánari skýrslu þeirra. Með því nú að skoðunargjörðin er eigi heldur staðfest með eiði af skoðunarmönnum, verður eigi álitíð, að með henni sé fengin næg sönnun gegn neitun hinna kærðu fyrir því, að skipið Portland hafi verið sjófært eða svo traust, að skipshöfninni væri óhætt, þegar þeir neitundu að fara á því út á fiskiveiðar. Kærðu verða þá eigi taldir sannir að sök um strok af skipinu og ber því að sýkna þá af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli, og verður að greiða sakarkostnaðinn af almannafé, þar með talin málflutningslaun hinna skipuðu málflutningsmanna við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærðu, Halldór Jónsson, Magnús Magnússon, Brynjólfur Brynjólfsson, Þórður Jónsson, Helgi Bjarnason, Júníus Kr. Jónsson, Benedikt Bjarnason, Guðfinnur Kr. Guðmundsson, Jóhann Kr. Guðmundsson, Þorsteinn Sigurðsson, Guðmundur Steinsson, Sigursteinn Þorsteinsson, Sigurður Einarsson, Kjartan Ólafsson og Bjargmundur Sveinsson, eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og greiðist allur kostnaður málsins af almannafé, þar með talin málflytningu- og verkjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 21. febrúar.

Nr. 42/1909:

Vilhelm Knudsen

gegn

Birni Líndal

fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði málaflutningsmaður Björn Líndal á Akureyri fyrir hönd stórkaupmanns Jakobs Gunnlögssonar.